

Reykjavík, 12. apríl 2017

Samkomulag um sátt vegna brots Stefnis hf. á 1. mgr. 59. gr., sbr. 30. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði

Hinn 20. febrúar sl. gerðu Fjármálaeftirlitið og Stefnir hf., hér eftir nefndur málsaðili, með sér samkomulag um að ljúka með sátt máli vegna brots á 1. mgr. 59. gr., sbr. 30. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

Meginatriði samkomulagsins eru sem hér segir:

Málsaðili viðurkennir að hafa brotið gegn 1. mgr. 59. gr., sbr. 1. mgr. 30. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði með því að fjárfesta í eignarhlutum í einkahlutafélagi fyrir hönd fjárfestingarsjóðs í rekstri málsaðila.

Málsaðili fellst á að greiða sekt að fjárhæð 5.700.000 krónur.

Málsaðili staðfestir að hann hafi upplýst að fullu um málsatvik sem samkomulag þetta varðar. Þá hefur málsaðili gripið til ráðstafana til að stuðla að því að atvik sem þetta eigi sér ekki stað á ný.

Málsatvik

Þann 10. júní 2016 var kauptilboð málsaðila, fyrir hönd fjárfestingarsjóðs í rekstri málsaðila, í eignarhluti í einkahlutafélagi, samþykkt. Eignarhlutirnir voru móttæknir inn á safn sjóðsins þann 26. júlí 2016. Þann 11. ágúst 2016 vakti starfsmaður málsaðila athygli sjóðsstjóra sjóðsins á því að sjóðnum væri ekki heimilt að fjárfesta í einkahlutafélögum. Málsaðili tilkynnti Fjármálaeftirlitinu um fjárfestinguna með tölvupósti þann 12. september 2016.

Með tilliti til hagsmuna hlutdeildarskírteinishafa veitti Fjármálaeftirlitið málsaðila frest til 15. desember 2016 til þess að gera ráðstafanir til úrbóta og voru viðeigandi úrbætur gerðar innan þess tíma með þeim hætti að einkahlutafélaginu var breytt í hlutafélag á aðalfundi félagsins. Málsaðili óskaði eftir að ljúka málinu með sátt.

Lagagrundvöllur

Samkvæmt 59. gr. laga nr. 128/2011 eiga fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða skv. 30.-43. gr. við um fjárfestingar fjárfestingarsjóða með þeim undantekningum sem fram koma í 2.-7. mgr. ákvæðisins. Fjárfesting í eignarhlutum í einkahlutafélagi telst ekki til fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum skv. 1. tölul. 1. mgr. 30. gr. laganna, sbr. túlkun Fjármálaeftirlitsins frá 7. febrúar 2014 og eru ekki heimilar fjárfestingarsjóðum.

Brot á 59. gr. laga nr. 128/2011 getur varðað stjórnvaldssektum, sbr. 35. tölul. 1. mgr. 65. gr. sömu laga. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 500.000 krónum til 800.000.000



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

króna en geta þó verið hærrí eða allt að 10% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi lögaðilans eða 10% af síðasta samþykktu samstæðureikningi að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum, sbr. 4. mgr. 65. gr. laganna.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ljúka málum vegna brota á 59. gr. laganna með sátt enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við, sbr. 66. gr. laganna og reglur nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

Sektarfjárhæð

Sektarfjárhæð er ákvörðuð í samræmi við reglur nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt. Samkvæmt reglunum er miðað við að sektarfjárhæð sé hlutfallslega lægri en sem ætla má að fjárhæð stjórnvaldssektar gæti numið að teknu tilliti til mögulegra þyngingar- og mildunarsjónarmiða auk þess sem litið er til þess á hvaða stigi meðferð máls er þegar því er lokið með sátt.

Samkvæmt 5. mgr. 65. gr. laga nr. 128/2011 skal, við ákvörðun sekta, m.a. tekið tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t. alvarleika brots, hvað brotið hefur staðið yfir lengi, ábyrgðar hins brotlega hjá lögaðilanum, fjárhagsstöðu hins brotlega, ávinnings af broti eða taps sem forðað er með broti, hvort brot hafi leitt til taps þriðja aðila, hvers konar mögulegra kerfislega áhrifa brotsins, samstarfsvilja hins brotlega, fyrri brota og hvort um ítrekað brot er að ræða.

Við ákvörðun sektarfjárhæðar var litið til þess að um er að ræða fjárfestingarsjóð sem veitir viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar. Með hliðsjón af neytendaverndarsjónarmiðum skiptir miklu máli að fjárfestingar séu í samræmi við fjárfestingarheimildir samkvæmt lögum og fjárfestingarstefnu viðkomandi sjóðs. Takmarkanir á fjárfestingarheimildum hafa það að markmiði að vernda hlutdeildarskírteinishafa og tryggja viðunandi áhættudreifingu. Sektarfjárhæðin tók mið af flokkun löggafans á alvarleika brotsins og því að viðunandi úrbætur voru gerðar innan veitts frests.

Með hliðsjón af eðli og umfangi brots, atvikum máls að öðru leyti, veltu Stefnis fyrir rekstrarárið 2015 og að teknu tilliti til þess að málinu er lokið með sátt við upphaf athugunar, er sektarfjárhæð talin hæfilega ákveðin 5.700.000 krónur.

Réttaráhrif

Samkomulag þetta er gert á grundvelli 66. gr. laga nr. 128/2011 og reglna nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

Samkomulagið er bindandi fyrir málsaðila og Fjármálaeftirlitið þegar báðir aðilar hafa samþykkt og staðfest efni þess með undirskrift sinni. Við greiðslu sektarfjárhæðar er málinu lokið.

Málsaðili brýtur gegn samkomulaginu ef hann t.d. greiðir ekki umsamda sektarfjárhæð, gaf rangar upplýsingar um málsatvik eða leyndi upplýsingum sem máli skipta. Verði málsaðili uppvís að því að brjóta gegn samkomulaginu getur Fjármálaeftirlitið fellt það úr gildi og tekið málið til meðferðar á ný. Brot gegn samkomulagi um sátt telst jafnframt sjálfstætt brot sem getur varðað stjórnvaldssekt.